

Því dæmist rétt vera:

Afrýjandinn Pétur Zóphoniasson greiði stefnda Jóni Sigmundssyni 1018 kr. 08 a. með 6% vöxtum p. a. frá sáttakærudegi til borgunardags og 60 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn hinn 30. nóvembermánaðar.

Nr. 29/1908: Hannes Thorsteinsson fyrir hönd
Leontio Warburgs Sön & Co.
gegn
Árna Sveinssyni.

Dómur:

Bankaritari Hannes Thorsteinsson höfðaði fyrir hönd firmans Leontio Warburgs Sön & Co. í Kaupmannahöfn mál þetta fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn hinum stefnda, Árna kaupmanni Sveinssyni á Ísafirði, til greiðslu á skuld að upphæð 6389 kr. 13 a. ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1906 til borgunardags svo og til málskostnaðargreiðslu. Lauk máli þessu þannig, að með »úrskurði« nefnds réttar, uppkveðnum hinn 16. desbr. f. á., var málinu samkvæmt kröfu stefnda vísað frá réttinum. Úrskurði þessum hefir afrýjandinn, Hannes Thorsteinsson, fyrir hönd firmans Leontio Warburgs

Sön & Co. skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. júní þ. á. og hefir hann krafist þess, að hinn áfryjaði úrskurður verði úr gildi feldur og málinu vísað heim í hérað aftur til dómsáleggingar í aðalefninu og að stefndi, Árni Sveinsson, verði dæmdur til að greiða áfryjanda allan kostnað við áfryjun málsins að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfryjaði úrskurður verði staðfestur eða stefndi sýknaður, að svo komnu, í málinu og áfryjandi dæmdur til málskostnaðargreiðslu.

Mál þetta er í héraði leitt til lykta með úrskurði án þess reglulegur dómur væri lagður á það, og er þessi meðferð málsins alveg röng. Nefndur úrskurður, sem áfryjað hefir verið, er byggður á því, að fyrir undirrétti hafi því ómótmælt verið haldið fram, að firmað Leontio Warburgs Sön & Co. hafi orðið gjaldþrota og búið tekið til opinberrar skiftameðferðar, og verði því að álíta að gilt umboð af hálfu stefnanda til að halda málinu áfram, hafi ekki verið fyrir hendi.

Fyrir yfirdómi hafa, að fengnu konungsleyfi til að leggja fram ný sönnunargögn, verið færðar sannanir fyrir því, að bú umrædds verzlunarfélags hafi ekki verið tekið til opinberrar skiftameðferðar; en þó að svo hefði verið, þá var umboð málshefjanda í fullu gildi og óhaggað eins fyrir það, og því engin ástæða til að vísa málinu frá gestaréttinum fyrir þá sök. Það verður því eftir kröfu áfryjanda að fella úrskurðinn úr gildi og vísa málinu heim í hérað og ber undirdómáranum að leggja dóm á málið í aðalefni þess. Eftir atvikum virðist rétt að stefndi greiði áfryjanda 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rétt vera.

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi feldur, og ber undirdómaranum að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það í aðalefni þess. Stefndi Árni Sveinsson greiði áfrýjanda Hannesi Thorsteinson fyrir hönd Leontio Warburgs Sön & Co. 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 7. desembermánaðar.

Nr. 49/1908:

Valdstjórnin

gegn

Páli Bergssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu var Páll Bergsson, kaupmaður í Reykjavík, kærður fyrir ólöglegar veitingar áfengra drykkja, og var hann með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 3. október þetta ár, dæmdur fyrir nefnt brot til að greiða 100 kr. sekt í bæjarsjóð Rvíkur og til að greiða allan sakarkostnaðinn; svo voru og áfengisdrykkir þeir, er hjá honum fundust, dæmdir upptækir, og ákveðið að andvirði þeirra renni í bæjar-